

# Sérkjarasamningur milli VR og Samtaka atvinnulífsins (SA) vegna Neyðarlínunnar ohf.

## 1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til starfa neyðarvarða hjá Neyðarlínunni ohf. og er hluti af aðalkjarasamningi aðila. Samningurinn hefur sama gildistíma og aðalkjarasamningur og gildir hann í öllum öðrum atriðum en þeim sem hér greinir.

## 2. Vinnustöðvanir

Starfsemi Neyðarlínunnar skal vera ótrufluð af vinnustöðvunum. Verkalýðsfélaginu er því óheimilt að boða til vinnustöðvunar og Samtökum atvinnulífsins verkbanns vegna starfsmanna Neyðarlínunnar. Vegna þessarar takmörkunar á verkfallsrétti eru dagvinnulaun starfsmanna neyðarvarða að lágmarki 10% hærri en byrjunarlaun skrifstofufólks skv. aðalkjarasamningi fyrstu þrjú árin í starfi en að lágmarki 15% hærri eftir þriggja ára samfelld starf.

Ákvæði þetta gildir á gildistíma aðalkjarasamnings SA og VR og í 12 mánuði eftir að aðalkjarasamningur fellur úr gildi.

## 3. Fyrirtækjapáttur

Neyðarlínan og neyðarverðir gera fyrirtækjapátt um aðlögun kjarasamnings að þörfum starfseminnar.

Reykjavík, 27.09 2021

F.h. SA



F.h. VR



f.h. Neyðarlínunnar ohf.



f.h. starfsmanna

